

Miðvikudaginn 8. nóvember 1995.

Nr. 362/1995.

Glitnir hf.

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Jóni Ívarssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Erni Harðarsyni

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Ívari Jónssyni

Ragnhildi R. Þórarinsdóttur

(Kristján Stefánsson hrl.) og

Guðbjörgu Kristínu Jónsdóttur

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Frestur. Dómarar. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. nóvember sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október 1995. Kæruheimild er í h-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að kröfu varnaraðila um frest til 9. nóvember 1995 til að skila nýjum greinargerðum og öðrum skriflegum sönnunargögnum í máli þessu verði hafnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar 7. júní 1995 var dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 1994 í máli þessu ómerktur og málinu vísað heim í hér- að, eins og nánar er greint frá í hinum kærða úrskurði.

Í þinghaldi 28. september 1995, eftir að mál þetta hafði verið tekið fyrir að nýju, var þess krafist af hálfu varnaraðila, að miðað yrði við, að ný meðferð málsins hæfist eftir þingfestingu, svo að stefna og sóknarskjöl lægju frammi, en þeim veittur frestur til að leggja fram greinargerðir og önnur skrifleg sönnunargögn. Féllst héraðsdómari á kröfu varnaraðila og veitti þeim frest með hinum kærða úrskurði til 9. nóvember 1995.

Sóknaraðili telur, að dóm Hæstaréttar í máli þessu frá 7. júní 1995 beri að skilja á þann veg, að meðferð málsins í héraði hafi verið ómerkt frá og með 21. janúar 1994, er Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari vék sæti í málinu. Þá hafi greinargerðir stefndu verið komnar fram. Sú niðurstaða héraðsdómara að heimila varnaraðila að skila nýjum greinargerðum hljóti að leiða til röskunar á grundvelli málsins.

Með hliðsjón af 4. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að fallast á sjónarmið sóknaraðila, sbr. og dóm Hæstaréttar 3. júlí 1995 í málinu nr. 217/1995. Verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi, og er kröfu varnaraðila um frest til framlagningar greinargerðar hafnað.

Krafa varnaraðila var ófyrirsynju, og verða þau in solidum dæmd til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og hafnað er kröfu varnaraðila, Jóns Ívarssonar, Arnar Harðarsonar, Ívars Jónssonar, Ragnhildar R. Þórarinsdóttur og Guðbjargar Kristínar Jónsdóttur, um frest.

Varnaraðilar greiði in solidum sóknaraðila, Glitni hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október 1995.

I.

Mál þetta höfðaði stefnandi á hendur stefndu með stefnu, birtri 26. febrúar 1993. Var málið þingfest 11. mars s. á.

Eftir venjulega meðferð í reglulegu dómþingi, þar sem stefndu lögðu fram greinargerðir, var málinu úthlutað Kristjönu Jónsdóttur héraðsdómara. Fór héraðsdómariinn með málið til 21. janúar 1994, er hún vék sæti með úrskurði, upp kveðnum þann dag.

Hinn 1. febrúar 1994 fól dómstjóri Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa meðferð málsins. Fór dómarafulltrúinn með málið eftir það og kvað upp dóm í því 6. júlí 1994.

Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í því 7. júní 1995. Dómsorð hljóðar svo: „Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í

hérað til nýrrar meðferðar. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.“

Hinn 1. september 1995 var málinu úthlutað Valtý Sigurðssyni héraðsdómara, og tók hann málið fyrir 22. s. m. Af hálfu aðila kom þá upp ágreiningur um framlagningu skjala, og var málinu frestað til 28. s. m. Í þinghaldi þann dag var af hálfu stefnanda gerð sú krafa, að meðferð málsins skyldi einungis felld úr gildi frá og með 21. janúar 1994, er Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari vék sæti í málinu.

Af hálfu stefndu var þess krafist, að dómari miðaði við, að ný meðferð málsins hæfist eftir þingfestingu, svo að stefna og sóknarskjöl lægju frammi. Var það talið felast í dómi Hæstaréttar. Var af hálfu stefndu gerð krafa um, að frestur yrði veittur í sex vikur, til 9. nóvember nk., til að skila nýjum greinargerðum og öðrum skriflegum sönnunargögnum.

Af hálfu stefnanda var neitað um frest og bent á, að stefndu hefðu nú þegar skilað greinargerðum. Var krafist úrskurðar um þennan ágreining.

II.

Niðurstaða.

Í forsendum dóms Hæstaréttar frá 7. júní 1995 í máli þessu segir, að í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, ...“ . . . „Með vísan til þessa verði ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.“

Svo sem venja er, fór dómarafulltrúi með málið við þingfestingu þess, þar til því var úthlutað héraðsdómara, Kristjönu Jónsdóttur, 8. júní 1993. Afskipti dómarafulltrúa af máli á þessu tímabili voru eingöngu fólgin í móttöku skjala og ákvörðun um fresti til þeirrar framlagningar. Ekki kemur fram í forsendum dóms Hæstaréttar í málinu, að tilefni hafi verið til að ógilda málsmeðferð héraðsdómara. Í dómsorði Hæstaréttar kemur hins vegar fram, að öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sé felld úr gildi. Ber því að fallast á með stefndu, að taka skuli málið til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur frá þingfestingu þess. Samkvæmt því er fallist á kröfu stefndu um frest til að skila nýjum greinargerðum og öðrum skriflegum sönnunargögnum í málinu.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

2551

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa stefndu um frest til 9. nóvember nk. til að skila nýjum greinargerðum og öðrum skriflegum sönnunargögnum er tekin til greina.
